



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 96. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 23. maí 2011 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mættir: Jakob S. Friðriksson, formaður, Bjarni Pálsson, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason og Magnús Ólafsson. Forföll: Ásgeir Margeirsson og Sigurður M. Garðarsson.

Í upphafi fundar voru Claus og Magnús boðnir velkomnir til síns fyrsta fundar í stjórn félagsins, en um var að ræða fyrsta stjórnarfund eftir aðalfund félagsins 12. apríl.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar.

Bjarni Pálsson var endurkjörinn varaformaður, Claus Ballzus kjörinn nýr gjaldkeri og Gústaf Adolf Skúlason endurkjörinn ritari.

3. Styrkur JHFÍ 2011.

Félagið styrkir einn doktorsnema í jarðhitatengdum fræðum um allt að 350 þúsund krónur til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu árið 2011, sbr. ákvörðun stjórnar frá því vorið 2010. Styrkurinn er til að greiða ferða- og uppihaldskostnað auk ráðstefnugjalda. Farið var yfir drög að auglýsingu um styrkinn og ákveðið að koma henni út á vef félagsins, til félagsmanna og til GEORG auk HÍ og HR. Umsóknarfrestur til 15. ágúst.

4. Haustfundur 2011.

Rætt um hugsanleg umfjöllunarefni haustfundarins 2011. Meðal annars bar á góma:

- Brennisteinsvetni
- Rammaáætlun
- Bætt nýting á jarðhitaorku (topping og bottoming stöðvar)
- Jarðhitaleit, köld svæði, hitaveitur
- Varmadælur, hérlendis og erlendis

Nánar rætt á næsta fundi.

5. Önnur mál.

Stuttlega rætt um opnun skrifstofu kanadíska jarðhitafélagsins á Íslandi.

Næsti fundur mánudaginn 22. ágúst kl. 15:00, húsakynnum Samorku.

Fundi slitið kl. 15:55. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
